

Samkomulag

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) fyrir hönd útgerðar Þóris SF-77, skipaskrárnúmer 2731 annars vegar og AFL Starfsgreinafélags, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, f.h. Félags skipstjórnarmanna og VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna hins vegar, gera með sér svohljóðandi samkomulag um frávik frá hafnar- og helgarfríum skipsins frá því að veiðar skipsins hefjast til loka humarvertíðar 2020.

1. Aðilar eru sammála um að hafnar- og helgarfrí á Þóris SF-77 verði tekin í frítúrum þannig að á milli veiðiferða stoppi skipið aðeins þann tíma sem tekur að landa úr því og gera það klárt fyrir næstu veiðiferð svo fremi að önnur atvik hamli ekki brottför þess svo sem bilun, veður o.þ.h. Innivera skal þó aldrei vera skemmri tími en 6 klst. Skipverjar skulu eiga frí við löndun. Ekki skulu vera fastir löndunardagar.
2. Samkomulag þetta hefur engin áhrif á rétt skipverja til að eiga frí um sjómannadag sbr. ákvæði almennu kjarasamninganna um frí um sjómannadagshelgina. Áhöfn skal eiga frí um Verslunarmannahelgi og ekki verði látið úr höfn fyrr en eftir miðnætti á frídegi Verslunarmanna.
3. Sé skip utan heimahafnar þegar skipverjar eru að fara í frí eða að koma úr fríi skal útgerðin greiða ferðakostnað til og frá heimahöfn skipsins sbr. almenn ákvæði kjarasamninga um greiðslur útgerðar til skipverja þegar skip er utan heimahafnar þess.

Samkomulag þetta gildir frá því skipið hefur humarveiðar og til loka humarvertíðar 2020.

Hornafjörður 31.03 2020

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi,

Heiðurar Guðmundsson

F.h. AFLs Starfsgreinafélags, með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Ólafur Þórisson

F.h. Félag skipstjórnarmanna,

F.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna,